



# Flórgoðinn

## Hópbílar taka við skólaakstri í Áslandi

### Mikilvæg atriði

- Skipulagsdagur starfsmanna í Áslandsskóla er **miðvikudaginn 5. febrúar**.
- Heilsdagsskólinn **lokaður** á skipulagsdegi.
- **Hópbílar** taka við skólaakstri í Áslandsskóla.
- Ný **mataráskrift** mánudaginn 10. febrúar n.k.



Fyrirtækið **Hópbílar** mun taka við skólaakstri í Áslandsskóla frá og með mánudeginum 3. febrúar 2003.

Skólabíll sá sem hingað til hefur séð um skólaaksturinn fyrir okkur verður að öllum líkindum settur á sölu á næstu misserum.

Ekki verða neinar tímabreytingar á skólaakstrinum við þessar breytingar sem gerðar eru í hagræðingarskyni.

Vert er að minna nemendur á nokkur atriði varðandi þær reglur sem gilda í skólaakstrinum en mikilvægt er að nemendur fari eftir þeim í hvívetna.

Í **fyrsta lagi** er mjög mikilvægt að brýna fyrir börnunum að hlaupa ekki að bílnum þegar hann kemur akandi, heldur að biða fallega í röð þar til hann hefur stöðvast. Það þarf svo lítið til að barnið sem er fremst detti

og renni undir bílinn (ég tala nú ekki um þegar það er hálfka úti). Ítrekum því við börnin að standa kyrr og biða þar til bíllinn nemur staðar og bílstjóri hleypir þeim inn.

Í **öðru lagi** þarf að ítreka við alla nemendur að nota beltin í bílunum. Það á ekki bara við yngstu börnin að nota beltin heldur alla sem ferðast með skólabílunum. Verr hefur gengið að fá þá eldri til spenna beltin.

Í **þriðja lagi** má minna alla nemendur á að standa ekki upp fyrir en bíllinn hefur numið staðar. Það er stórhættulegt að standa í rútnni meðan hún er á ferð, ef eitthvað kæmi nú fyrir.

**John Spencer** sem verið hefur bílstjórinn okkar á skólabílunum mun sinna öðrum störfum innan skólans vegna ofangreindra breytinga.



### Ný mataráskrift - ath.kennitölu -

Ný mataráskrift hefst **mánudaginn 10. febrúar** n.k. Allir nemendur eiga að hafa fengið heimleiðis allar upplýsingar í töskupósti.

Sami háttur er hafður á innheimtu og pöntun og undanfarið. Þ.e. foreldrar fylla út pöntunarblað og greiða í banka eða í gegnum bankalínu og koma síðan með staðfestingu í skólann.

**Kennitala á pöntunarblaði er röng.**  
**Rétt kennitala er 631002-2930.**



### Skipulagsdagur starfsmanna 5. febrúar

**Skipulagsdagur** starfsmanna í Áslandsskóla verður miðvikudaginn 5. febrúar. Heilsdagsskólinn verður lokaður þennan dag vegna skipulagsvinnu.

Þann dag munu allir starfsmenn skólans vinna við skipulagsstörf og undirbúa skólafélagið sem framundan er.

Dagurinn hefst á því að **Edda Björgvinsdóttir** leikkona mun vera með námskeið fyrir alla starfsmenn skólans í tjáningu og mannlegum samskiptum.

Að því loknu mun **Hugó Rasmus** koma og kynna stærðfræðivef fyrir kennurum skólans og aðrir starfsmenn munu funda með skólastjórn.

Eftir hádegisgjöld vinna kennarar í árgöngum við ýmiss skipulagsstörf og frágang prófa meðan aðrir starfsmenn undirbúa næstu skóladaga og sín verkefni.